

Skrifstofa viðskipta og ferðapjónustu
Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2023
E-2023-279/00.11

Efni: Umsögn um fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030

Vísað er til máls nr. 219/2023 sem auglýst er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030. Um metnaðarfullt verkefni er að ræða sem byggir á vinnu sjö starfshópa og stýrihóps um mótun stefnunnar og aðgerðaráætlunar hennar.

Landsvirkjun fagnar þeim metnaði í sjálfbærni og orkuskiptum sem sett eru fram í drögunum og eru þar gegnumgangandi. Um er að ræða umfangsmikið og vel unnið skjal en þó er bent á nauðsyn þess að gæta að stóru myndinni er varðar samspil endurnýjanlegrar orkuvinnslu og loftslagsmarkmiða. Ríki heims leita nú leiða til að draga úr kolefnislosun sinni og leikur stóraukin hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa þar lykilhlutverk. Íslensk stjórnvöld hafa sett fram metnaðarfull markmið í loftslagsmálum og eru innlend orkuskipti þar lykilþáttur. Ljóst er að auka þarf framboð á raforku umtalsvert eigi þau markmið að nást.

Á síðustu árum hefur nýting virkjana farið vaxandi jafnt og þétt og eftirspurn vaxið hraðar en sem nemur auknu framboði. Raforkuspár eru samhljóða um áframhaldandi aukningu í orkuþörf en við stöndum nú þegar frammi fyrir þeirri staðreynd að raforkukerfið á Íslandi er fullselt. Hafa verður í huga að íslenska raforkukerfið er lokað og einangrað, byggir að mestu á vatnsorku og jarðvarma og er án samtenginga, gasorkuvera eða annarra öryggisventla. Landsvirkjun er þeirrar skoðunar að þessi þrönga staða sé ekki tímabundin heldur komin til að vera og telur nauðsynlegt að gripið verði til ráðstafana til að tryggja raforkuöryggi til lengri og skemmri tíma.

Í því samhengi bendir Landsvirkjun á að endurnýjanleg orkuvinnsla og ferðapjónusta eru ekki andstæður heldur greinar sem styðja við og styrkja hvora aðra. Má þar nefna umfangsmiklar samgöngubætur og önnur jákvæð hliðaráhrif virkjanauppbyggingar, ásamt áhuga erlendra ferðamanna á endurnýjanlegri orku og jákvæðri ímynd Íslands sem land endurnýjanlegrar orku.

Ferðamennska og endurnýjanleg orkuvinnsla

Landsvirkjun leggur áherslu á að almenn sátt ríki um starfsemi fyrirtækisins, ekki síst í nærsamfélögum virkjana þess. Fyrirtækið leggur sig sérstaklega fram um að skilja væntingar og þarfir þeirra og að hafa jákvæð áhrif út fyrir grunnstarfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið leggur sig fram um að eiga í góðum og virkum samskiptum við nærsamfélögin, auk þess sem Landsvirkjun leitar í sífellu tækifæra til aukinnar samvinnu og samsköpunar. Jákvæð áhrif af sambúð við Landsvirkjun, önnur en bein fjárhagsleg áhrif, eru margvísleg.

Í tengslum við virkjanauppbyggingu hefur Landsvirkjun í heild lagt rúmlega 640 km af vegum og brúm en það samsvarar um helmingi af þjóðvegi 1. Þessar samgöngubætur tengja fólk, samfélög og sveitarfélög saman og opna leiðir inn á áður torsótt svæði, ekki síst að náttúruperlum á hálendi Íslands. Samgöngubætur þessar hafa án vafa verið til mikilla hagsbóta fyrir íbúa og fjölbreytt atvinnulíf á þessum svæðum og stuðlað að blómlegri samfélögum en ella. Vegir og

brýr hafa aukið verulega tækifæri í ferðaþjónustu og má nefna að gífurlegur fjöldi erlendra ferðamanna ferðast um Þjórsárdal og inn á Sprengisand um vegi sem Landsvirkjun lagði í tengslum við virkjanauppbyggingu á svæðinu. Breytingar á náttúrufari samhliða virkjanauppbyggingu geta einnig haft jákvæð hliðaráhrif á ferðaþjónustu en nefna má að fyrir tilstuðlan slíkrar uppbyggingar eru Hrauneyjafossar í Sigöldugili og Stuðlagil í Jökulsá á Dal í dag vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Virkjanir geta einnig haft jákvæð áhrif á laxveiði o.fl. en eftir virkjanaframkvæmdir eru bæði Jökulsá á Dal og Blanda í dag tærar bergvatnsár stóran hluta ársins og árnar miklar laxveiðiár. Í kringum báðar þessar ár hefur byggst heilmikil atvinnustarfsemi í tengslum við laxveiðina.

Það er skoðun Landsvirkjunar að ferðaþjónusta og endurnýjanleg orkuvinnsla séu greinar sem styðja við og styrkja hvora aðra. Fyrirtækið hefur látið kanna viðhorf erlendra ferðamanna til endurnýjanlegrar orkuvinnslu á Íslandi og staðfesta þær kannanir þetta sjónarmið fyrirtækisins. Viðhorf erlendra ferðamanna til endurnýjanlegrar orkuvinnslu á Íslandi er afar jákvætt en samkvæmt skoðanakönnun sem Gallup vann fyrir Landsvirkjun í desember 2022 kom fram að næstum því allir erlendir ferðamenn, eða yfir 96%, hafa jákvætt viðhorf til endurnýjanlegra orkugjafa og yfir 70% aðspurðra í Leifsstöð sögðu að græna orkan hefði jákvæð áhrif á upplifun þeirra af náttúru landsins. Innan við 1% aðspurðra töldu að græn orkuvinnsla hefði neikvæð áhrif. Þá hafa kannanir sem unnar hafa verið í nágrenni Blönduvirkjunar og á Kröflusvæðinu einnig staðfest áframhaldandi aðdráttarafli svæðanna.

Sértækar athugasemdir við drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun

Í kafla A.1.1 „Ábyrgð umsjónaraðila áfangastaða“ er fjallað um að horfa þurfi til þess að þeir áfangastaðir sem taka aðgangsgjald ber skylda til að bjóða upp á ákveðna þjónustu, t.a.m. aðgang að klósetti, vatni og rafhleðslu. Landsvirkjun vekur athygli á því að stíga þurfi varlega til jarðar við myndun kvaða á rekstraraðila og enn fremur að hér virðist óskýrt hvers konar rafhleðslu sé verið að vísa til. Sé verið að undirbyggja kvöð á áfangastaði um uppsetningu hleðslustöðva fyrir farartæki bendir Landsvirkjun á að kostnaður rekstraraðila verði umtalsverður. Slíkar kvaðir gætu haft mikil áhrif á smærri áfangastaði og hindrað framgang þeirra hvað varðar framtíðaruppbyggingu og þróun. Gott væri að huga að stærð áfangastaðar í þessu tilliti.

Í kafla A.4 „Orkuskipti og orkunotkun“ er fjallað um uppbyggingu hleðsluinnviða við áfanga- og áningarstaði, við helstu ferðamannastaði. Þar er fjallað um helstu gististaði og þéttbýliskjarna í kringum hringveginn og á vinsælum ferðamannaleiðum. Landsvirkjun tekur undir að mikilvægt sé að vinna langtímastefnu í uppbyggingu hleðsluinnviða og fagnar þessu markmiði. Fyrirtækið ítekar þó að samhliða þeirri þróun þarf að gera ráð fyrir aukinni orkuframleiðslu til að koma til móts við þessa uppbyggingu. Einnig þarf að huga að rafmagnslínunum í dreifbýli en hleðslustöðvar eru orkufrek starfsemi og eru rafmagnslínur misjafnlega í stakk búnar til að sinna þessu hlutverki.

Í kafla D.3 „Unnið verði verkefni á landsvísu með áherslur á mismunandi aðstæður hvers landshluta ...“ bendir Landsvirkjun á mögulega snertifleti hvað varðar áfangastaði og starfssvæði Landsvirkjunar. Fyrirtækið áréttar að mikilvægt sé að vera í samskiptum við hagsmunaaðila, s.s. Landsvirkjun, varðandi aðgengi og öryggismál.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni